
3. FUNDUR Í SKÓLARÁÐI SJÁLANDSSKÓLA 10. FEBRÚAR 2020

Mættir: Sesselja Þóra Gunnarsdóttir skólastjóri, Ósk Auðunsdóttir aðstoðarskólastjóri, Tómas Þór Jacobsen fulltrúi grenndarsamfélags, Ari Jónsson fulltrúi nemenda, Ingunn Þóra Hallsdóttir fulltrúi kennara, Guðrún Dóra Jónsdóttir fulltrúi kennara, Særún Sigurjónsdóttir fulltrúi starfsmanna, Margrét Helga Kr. Stefánsdóttir fulltrúi foreldra og Hjörtur Jónsson fulltrúi foreldra.

Dagskrá skólaráðsfundar

1. Skóladagatal
2. Öskudagur
3. Félagsmiðstöðin Klakinn
4. Auglýsing skólastjóra
5. Önnur mál

FUNDARGERÐ

Miðvikudaginn 10. febrúar kom skólaráð saman til 3. fundar skólaársins 2020-2021

1. Skóladagatal

Sesselja fór yfir drög að skóladagatali 2021-2022. Dagatalið er samræmt á milli leik- og grunnskóla í Garðabæ. Skipulagsdagar eru dreifðir jafnt yfir vikudagana og skipulagsdagur í vetrarleyfi er dreift á tvo daga. Grunnskólar í Garðabæ stefna á að samræma nemenda- og viðtalsdaga fyrir skólaárið 2021-2022 en það hefur ekki verið gert áður.

Skóladagatal 2020-2021. Sjálandsskóli var með undanþágu á einum starfsdegi vegna fyrirhugaðra námsferðar erlendis í apríl en vegna Covid – 19 verður ekki farið í þá ferð. Ákveðið var að færa skipulagsdaginn 23. apríl til 25. maí í samræmi við aðra skóla í Garðabæ.

2. Öskudagur

Skipulag öskudags verður með breyttu sniði. Nemendur í 1.- 7. bekk fara um skólann á mismunandi stöðvar; slá köttinn úr tunnunni, fara í tarzan leik, dansa, leysa þrautir og fara í leiki. Í lok dags frá nemendur nammi í poka en starfsfólk Sjálandsskóla óskaði eftir því við foreldra/ forráðamenn að senda börn með sælgæti í skólann til að útbúa pokana.

3. Félagsmiðstöðin Klakinn

Tómas fór yfir félagsstörf Sjúlandsskóla. Í mars er fyrirhuguð skíðaferð með unglíngadeildina og eru 46 af 57 nemendum skráðir. Ákvörðun um skíðaferð fyrir nemendur í 1. – 7. bekk hefur ekki verið tekin. Nemendur í unglíngadeild hafa verið að setja upp leikritið School of Rock, það verða tvær sýningar fyrir foreldra/ forráðamenn og tvær sýningar fyrir nemendur Sjúlandsskóla.

4. Auglýsing skólastjóra

Staða skólastjóra er laus til umsóknar þar sem Sesselja Þóra Gunnarsdóttir starfandi skólastjóri var ráðin tímabundið í eitt ár.

5. Önnur mál

Umræður um netnotkun barna. Foreldrafélagið bauð foreldrum/ forráðamönnum upp á fyrirlestur um nethættur og var þátttaka góð. Foreldrafélagið hefur áhuga á að hafa slíkan fyrirlestur árlega. Nemendur hefur verið að fá fræðslu frá SAFT. Tómas ætlar að senda foreldrafélaginu forvarnaráætlun skólans og uppfæra hana á heimasíðu skólans.

Fundargerð ritaði

Ósk Auðunsdóttir